

## Efni

Leiðari ritstjóra	2
Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustan	3
BPA-skaðlegt efni í vörum	4
Orkumerki	5
Gæðakönnun á þvottavélum	6
Danskt uppeldi	9
Spánn-Ísland	10
Athugaðu hljóðstyrkinn	12
Frá formanni	13
Gæðakönnun á prenturum	14
Spáð í kreppuna	17
Flugfargjöld	21
Matjurtagarðar	22

## NEYTENDABLAÐIÐ

1. tbl., 55. árg. – mars 2009

Útgefandi: Neytendasamtökin,

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík

Sími: 545 1200 Fax: 545 1212

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ábyrgðarmaður: Jóhannes Gunnarsson

Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir

Ritnefnd: Jóhannes Gunnarsson, Þuríður

Hjartardóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Umsjón með gæðakönnunum:

Ólafur H. Torfason

Yfirlestur: Finnur Friðriksson

Umbrot og hönnun: Uppheimar ehf.

Prentun: Guðjón Ó ehf. – vistvæn prentsmiðja

Forsíðumynd: Skömmtumarseðlar -

Morgunblaðið/Valdís Thor

*Kreppan sem var: Fyrri heimsstyrjöldinni lauk fyrir níutíu árum, 11. nóvember 1918, og hún hafði afgerandi áhrif á kjör manna í Reykjavík; framan af var ástandið sémilegt en eftir 1916 má segja að neyðarástand hafi ríkt, einkum í höfuðstaðnum á árunum 1916 til 1918. Í Sögu Reykjavíkur kemur fram að þrengingarnar hafi lýst sér í „atvinnuleysi, húsnaðisvandræðum og skorti á eldsneyti, matvælum og byggingarefni. Verðbólga lék launþega grátt og þar við bætist frostaveturinn mikli 1918 og spánska veikin.“*

Upplag: 12.500 eintök, blaðið er sent öllum

félagsmönnum í Neytendasamtökunum

Ársáskrift: Árgjald Neytendasamtakanna

er 4.300 krónur og innifalið í því er

Neytendablaðið, 4 tölublöð á ári.

*Heimilt er að vitna í Neytendablaðið í öðrum fjölmiðlum sé heimildar getið. Óheimilt er þó að birta heilar greinar eða töflur án leyfis Neytendasamtakanna. Upplýsingar úr Neytendablaðinu er óheimilt að nota í auglýsingum og við sölu nema skriflegt leyfi Neytendasamtakanna liggja fyrir.*

Lykilorð á heimasíðu: prentari



Brynhildur Pétursdóttir.

## Misskilið frelsi

Þegar hús og önnur mannvirki eru reist á Íslandi þarf að fylgja alls kyns séríslenskum reglum. Taka þarf tillit til vindálags, snjópunga og jarðskjálftahættu, svo dæmi séu tekin. Kröfumarnar í Evrópu eru víðast hvar ekki eins strangar og hér og í sjálfu sér er ekkert því til fyrirstöðu að við slökum á kröfum okkar og rýmikum reglur eða aukum frelsið eins og það er svo gjarnan kallað. Okkur dettur slíkt hins vegar ekki í hug því það væri algerlega óásættanlegt ef hús færu að hrynja ofan á hausinn á fólki. Það er áhætta sem við erum ekki tilbúin að taka.

Nú þegar efnahagskerfið er hrunið með brauki og bramli er ekki skritið að fólk spyrji í forundran hvernig þetta hafi eiginlega getað gerst. Ófullkomnu regluverki í Evrópusambandinu er m.a. kennt um en íslensk lög um fjármálastarfsemi hafa verið löguð að þeim evrópsku á undanförmum árum.

Það hlýtur þó að vera á okkar valdi að setja lög og reglur sem taka mið af þeim aðstæðum sem ríkja á Íslandi. Við myndum aldrei taka upp byggingareglugerðir landa þar sem engin jarðskjálftahætta er fyrir hendi en okkur þótti ekkert athugasvert við að laga fjármálaumhverfið hér að því evrópska – jafnvel þótt við séum með einn minnsta sjálfstæða gjaldmiðil í heimi sem við vitum að þolir ekki mikið vindálág, hvað þá alþjóðlegt óveður.

Stjómvöld virðast að mestu hafa sofnið á verðinum. Enginn veit almennilega hvað Fjármálaeftirlitið var að sýsla en það er þó skjalfest að Seðlabankinn hefur varað við óvarkárrí útlánastefnu bankanna. Óábyrg útlán eru ekki einkamál bankanna og því vekur furðu að ekki hafi verið gripið inn í á fyrri stigum. Fyrir utan stýrivaxtahækkanir, sem dugðu skammt, virðist Seðlabankinn ekki hafa haft nein úrræði önnur en að biðla til bankastjóranna um að sýna varkárni.

Ég veit ekki til þess að það sé biðlað til verktaka um að nota nú örugglega nógu mikið steypujárn eða að hönnuðir séu vinsamlegast beðnir um að vanda burðarþolsútreikninga. Við höfum lög og reglur sem tryggja að mannvirki standist verstu veður og ef menn brjóta lög in er þeim refsað.